



Fundargerð 3. fundar stjórnar SSA haldinn 4. desember 2020

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 15:00

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson-formaður, Gauti Jóhannesson-varaformaður, Hildur Þórisdóttir, Pálína Margeirsdóttir og Sigríður Bragadóttir. Jóhann F. Þórhallsson oddviti Fljótsdalshrepps sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 1.1 Fundargerð frá 2. fundi stjórnar SSA 2020-2022 – *Fundargerðin var lögð fram til samþykktar og verður undirrituð rafrænt.*
- 1.2 Fundargerðir stjórnar SSH (509-515, aðalfundur og ársfundur byggðasamlaga), SSV(157, Haustþing), SSNV(60,61), SSNE (16,17), SASS (563,564), SSS (763) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar*
- 1.3 Fundargerð Sambandsins (891) – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar*
- 1.4 Fundargerð Stýrihóps (65) – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar*
- 1.5 Fundargerð Byggðamálaráðs (11) – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar*
- 1.6 Landsskipulagsstefna, kynningarfundur – *Boð á kynningarfund Skipulagsstofnunar 11. desember lagt fram til kynningar*
- 1.7 Sambandið – efni um íbúasamráð – *Erindi frá Sambandinu um íbúasamráð í sveitarfélögunum lagt fram til kynningar*

2. Innra starf SSA

2.1 Sóknaráætlanir

Framkvæmdastjóri fór yfir greinargerð stýrihóps stjórnarráðsins um sóknaráætlanir 2015-2019.

Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar erindi frá fagráði menningar um aukið fjármagn til menningarverkefna í úthlutun Uppbyggingasjóðs Austurlands 2021. Stjórn samþykkir að bæta fjármagni til úthlutunarnefndar á grunni umræðna.

2.2 Almenningsamgöngur

Formaður fór yfir stöðu mála í Sterna málinu. Aðalmeðferð máls fer fram í desember.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála hjá Sv-aust. Ákveðið var að fresta útboði og voru samningar við núverandi akstursaðila framlengdir. Samningur við Vegagerðina hefur verið undirritaður og er hann á sama grunni og í ár og gildir út árið 2021.

2.3 Af vettvangi framkvæmdastjóra

- *Áfangastaðastofur. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Fundað hefur verið á vettvangi Landshlutasamtakanna um Áfangastaðastofur. Ekki er verið að bæta við fjármagn í heildina en áherslurnar í verkefnunum að breytast. Komin eru drög að nýjum samningi við Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið og niðurstaða um skiptingu fjármagns til næstu þriggja ára.*
- *Svæðisskipulag. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Uppfæra þarf nöfn á fulltrúum í nefndinni og yfirfara starfsháttarreglur. Framkvæmdastjóra falið að senda bréf til dveitarfélaganna sem fyrst svo hægt sé að afgreiða málið á næsta sveitarstjórnarfund.*

3. Umsagnir

Eftirfarandi umsagnabeiðnir voru lagðar fram til kynningar

- 3.1 Umhverfis og samgöngunefnd, umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar Stjórnskipulags- og eftirlitsnefnd
[Þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð Reykjavíkurlugvallar | Þingmálistar | Alþingi \(althingi.is\)](#)
- 3.2 Atvinnuveganefnd Alþingis, umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, nr. 98/2004 (verðlagshækkun), 336. mál. (frestur 14. des)
<https://www.althingi.is/altext/151/s/0397.html>
- 3.3 Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um mat á umhverfisáhrifum og lögum um loftslagsmál (niðurdæling koldíoxíðs), 335. mál. (frestur 14. des)
<https://www.althingi.is/altext/151/s/0391.html>
- 3.4 Atvinnuveganefnd Alþingis, umsögn um frumvarp til laga um Tækniþróunarsjóð, 321. mál (frestur 11. des)
<https://www.althingi.is/altext/151/s/0361.html>
- 3.5 Atvinnuveganefnd Alþingis, umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun, 322. mál (frestur 11. des)
<https://www.althingi.is/altext/151/s/0362.html>
- 3.6 Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, umsögn um frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (markmið, áhættumat, sektir o.fl.), 311. mál (frestur 9. des)
<https://www.althingi.is/altext/151/s/0347.html>
- 3.7 Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðalögum nr. 77/2019 (umframlosunargjald og einföldun regluverks), 280. mál. (frestur 3. des)
<https://www.althingi.is/altext/151/s/0313.html>
- 3.8 Fjárlaganefnd Alþingis, umsögn um frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings 2019, 277. Mál (frestur 29. nóv)
<https://www.althingi.is/altext/151/s/0309.html>
- 3.9 Atvinnuveganefnd Alþingis, umsögn um frumvarp til laga um fiskeldi (vannýttur lífmassi í fiskeldi), 265. mál (frestur 2. des)
<https://www.althingi.is/altext/151/s/0294.html>

3.10 Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða og íbúðarhúsnæðis), 275. mál (frestur 2. des)

<https://www.althingi.is/altext/151/s/0307.html>

3.11 Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013 (málsmeðferð o.fl.), 276. mál (frestur 1. des)

<https://www.althingi.is/altext/151/s/0308.html>

4. Endurstaðfesting á nýjum stjórnnum

- Endurstaðfesting á nýrri stjórn SSA. Ný stjórn SSA endurstaðfest frá fundi 6.nóvember í tengslum við frágang skjala til fyrirtækjaskrár RSK.

- Endurstaðfesting á nýrri stjórn SVaust. Ný stjórn SVaust endurstaðfest frá fundi 6.nóvember í tengslum við frágang skjala til fyrirtækjaskrár RSK.

5. Önnur mál

- Hallormsstaðaskóli. Umræður um málefni stjórnarmanna sem eru fulltrúar í stjórn Hallormsstaðaskóla. Framkvæmdastjóra falið að kanna málið á grundvelli umræðna.

Ekki fleiri mál. Fundi slitið kl 16:15

Einar Már Sigurðarson

Gauti Jóhannesson

Hildur Þórisdóttir

Pálína Margeirsdóttir

Sigríður Bragadóttir

Undirritunarsíða

Einar Már Sigurðarson

Hildur Þórisdóttir

Pálína Margeirsdóttir

Gauti Jóhannesson

Sigríður Bragadóttir